

Ársskýrsla Málvísindastofnunar 2024

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Aðalfundur Málvísindastofnunar var haldinn 30. maí kl. 14:30 í Eddu. Boðið var upp á kaffiveitingar. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf, þ.e. ársreikningar og ársskýrsla fyrir 2023 og umræður um ýmis mál. Borin var upp tillaga á fundinum um aðkomu Málvísindastofnunar að útgáfu Íslensks máls og almennrar málfræði. Þannig lagði stjórnin til að stofnunin styrkti útgáfuna til þriggja ára, 2024-2027, um 500.000 kr. á ári sem nemur ritstjórnarkostnaði, eða alls um 1.500.000 kr. Skuldbinding þessi yrði gerð með þeim fyrirvara að fjárhagsstaða stofnunarinnar stæði undir henni umsamið tímabil. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Á fundinum kom til stjórnarkjörs. Gerð var tillaga um að eftirfarandi félagar skipuðu nýja stjórn 2024-2027: Kolbrún Friðriksdóttir formaður, Iris Edda Nowenstein fulltrúi kennara, Lilja Björk Stefánsdóttir fulltrúi doktorsnema og Stefanie Bade varamaður. Tillagan var samþykkt samhljóða. Guðrúnu Þórhallsdóttur, sem verið hafði varamaður og fulltrúi kennara í fráfarandi stjórn, voru þökkuð vel unnin störf við stofnunina.

Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, Margrétar Guðmundsdóttur. Félagar í Málvísindastofnun á starfsárinu voru 27, þar af 4 doktorsnemar. Stofnunin hefur enga fasta aðstöðu en hafði framan af ári aðgang að geymslu í kjallara Árnagarðs þar sem hluti af bókalager hennar var geymdur auk bóka sem Háskólaútgáfan annast dreifingu á. Geymslan var tæmd vor og haust 2024 og verður nú notuð að meginhluta til af fornleifafræðinni undir ýmislegt sem varðar fornleifauppgröft. Málvísindastofnun getur þó áfram haft þar fáeina lokaða bókaskápa.

Styrkir og mótframlög

Málvísindastofnun greiddi mótframlag til verkefnis vegna úthlutunar Nýsköpunarsjóðs námsmanna árið 2023 að upphæð 270.000 kr. sem gert var upp á yfirstandandi ári. Einnig var veittur styrkur til áframhaldandi táknmálsrannsóknar að upphæð 700.000 kr.

Stofnunin greiddi einnig ferðastyrki til fimm nemenda vegna þátttöku í sameiginlegu námskeiði Háskóla Íslands og háskólans í Konstanz að upphæð 35.000 kr. á hvern, alls 175.000 kr. Auk þess veitti hún ferðastyrk til doktorsnema vegna ráðstefnu erlendis (Jón Símon Markússon) að upphæð 90.000 kr.

Styrkur var greiddur til Íslenska málfræðifélagsins til stuðnings við útgáfu Íslensks máls og almennrar málfræði að upphæð 500.000 kr.

Styrkir voru einnig veittir í tengslum við boðsgesti á vegum félaga Málvísindastofnunar. Annars vegar vegna komu og fyrirlestrahalds Laurel McKenzie að upphæð 35.600 kr. og hins vegar Leigh Oakes að upphæð 240.000 kr. Auk þess var veittur styrkur vegna útgáfu ráðstefnurits á vegum Rannsóknastofu í máltileinkun (RÍM) að upphæð 19.549 kr.

Ráðstefnur og málþing

Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins var haldin 27. janúar 2024 í fyrirlestrasal Eddu og veitti Málvísindastofnun féluginu styrk að upphæð 109.984 kr.

Félagið Mál og saga fékk jafnframt 50.000 króna styrk frá Málvísindastofnun fyrir Ólafspingi sem var haldið 26. október 2024 í fyrirlestrasal Eddu.

Rannsóknastofur innan Hugvísindasviðs

Í lok árs voru rannsóknastofur Málvísindastofnunar eftirfarandi: Rannsóknastofa í táknmálsfræðum, Rannsóknastofa í máltileinkun, Máltæknisetur og Rannsóknastofan Mál og tækni.